



Hreppsnefnd 8. október 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 8. okt. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mánudaginn 8. okt kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Bragi Vagnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, aðalbjörn Björnsson, oddviti, Erla Runólfsdóttir, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur Sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og gengi var til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 13. sept. og 1. okt sl. Fram kom tillaga um að breytt yrði orðalagi í tillögu í fundargerð frá 1. okt sl. Í stað "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps er samstíga ..." Komi: " Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samruna þessara fyrirtækja í von um tryggara atvinnuástand í framtíðinni á staðnum." Breytingin var samþykkt samhljóða, ásamt fundargerðinni í heild.
2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 25. sept. sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar
3. mál. Fundargerð húsnefndar Kaupvangs frá 2. okt. sl. Umræða varð nokkur um framhald á vinnu við Kaupvang og tillögur um skipulag hússins innandyra. Einnig var rætt um kostnað og fjármögnun á næsta ári. Í ár voru veittar 14. milljónir kr. til endurbóta á húsinu. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. mál. Mótun nýs sveitarfélags, tillaga stýrihóps. Lögð fram til kynningar tillaga stýrihópsins um Mótun nýs sveitarfélags, sem lögð var fram á fundi í svartaskógi 27. sept. sl. Tillagan er lögð fram til samþykktar í þeim sveitarfélögum sem málið varðar. Sveitarstjóri lagði til að tillagan yrði samþykkt. Tillagan samþykkt samhljóða.
5. mál Vopnfirðingar virkja, eftirfylgni verkefna. Oddviti bar fram þá hugmynd að þeirri hópar sem komu að verkefninu Vopnfirðingar virkja, kæmu saman og þeim kynnt úrvinnsla Þróunarstofu Austurlands af þeirri vinnu. Mikil umræða var um framkvæmd og mörkun atvinnustefnu hér. Samþykkt var að fá forsvarsmenn Þróunarstofu Austurlands á kynningarfund með stýrihópnum og í framhaldi af því að boða almennan borgarafund með íbúum Vopnafjarðarhrepps. Á næsta fundi hreppsnefndar er ætlunin að tilnefna í framkvæmdahóp atvinnumála.
6. mál. Kaupfélag Vopnfirðinga, umsókn um leyfi til sölu á léttvíni og bjór í söluskála Esso . Samþykkt að vísa málinu til félagsmálanefndar Vopnafjarðarhrepps og annarra þeirra er málið varðar.
7. mál. Bréf SSA frá 11, sept ásamt samþykktum aðalfundar SSA og tilkynningu um fund með þingmönnum í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
8. mál Rætt var um viðhald fasteigna sveitarfélagsins. Spurt var hvort ekki væri hægt að fá Dropann gefinn út að nýju og hugsanlega fréttabréf sveitarstjórnar, sem oft hefur verið rætt um að

gefið yrði út. Í þessu sambandi kom til tals að gera fast samkomulag við Hafþórsprent.

Fleira ekki gert og fundi slitið.